

Sp.

116. Tillaga til þingsályktunar

[94. mál]

um samræmingu á leturborðum ritvéla.

Flm.: Jónas Árnason.

Alþingi ályktar að skora á menntamálaráðherra að hlutast til um, að samræmi komist á um skipan leturborða á ritvélum þeim, sem til landsins eru fluttar.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á tveim undanförunum þingum, en náði í hvorugt skiptið afgreiðslu. — Hins vegar hafa sézt gleðileg merki þess, að hún sækir á um hylli innan Alþingis, því að í hittiðfyrra entist henni ekki umhyggja góðra manna til þess einu sinni að komast aftur úr þeirri nefnd, sem henni var vísað til, en í fyrra var hún svo gæfusöm, að nefndin (þ. e. allsherjarnefnd) afgreiddi hana með fullu samkomulagi á þá leið, að þetta væri hið þarfasta mál, og lagði til, að tillagan yrði samþykkt. Aftur á móti tókst svo illa til, að frekari umræða um málið á Alþingi fórst fyrir, og lauk svo þingi.

Alþingismenn hafa eflaust þegar gert sér ljósa grein fyrir því, hvað í tillöggunni felst, en þó þykir rétt að láta aftur fylgja henni bréf það varðandi málið, sem Elís Ó. Guðmundsson sendi að bön flutningsmanns í fyrra. — Tillagan er flutt í trausti á fullan sigur að þessu sinni, enda lofar um það góðu þróun málsins innan Alþingis. Og allt er þá þrennt er.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 29. október 1951.

Með tilvísun til viðtals, er þér, herra alþingismaður, áttuð við mig 25. þ. m., leyfi ég mér að staðfesta það, er ég tjáði yður í viðtalinu, að ég er yður sammála um, að rétt sé, að hlutast verði til um, að samræmt verði lyklaborðið á ritvélum þeim, er til landsins verða fluttar, þannig, að hinum einstöku stöfum og merkjum verði komið þar fyrir á einn og sama hátt, eftir því sem við verður komið.

Reynsla mín sem ritvélakennara hér í Reykjavík um meira en tuttugu ára skeið, aðallega við Verzlunarskóla Íslands, hefur fært mér heim sanninn um það, að það veldur nemendum, og síðar starfandi vélriturum, talsverðum örðugleikum, hve lyklaborðin eru frábrugðin hvert öðru að því er tekur til staðsetningar hinna svo-nefndu islenzku stafa, svo og hinna ýmsu merkja.

Úr þessu tel ég að auðvelt sé að bæta með því einu, að innflytjendur ritvéla hér á landi komi sér saman um, eða fái um það fyrirmæli ríkisvaldsins, ef með þarf, að staðsetning allra bókstafa og merkja á ritvélunum, sem til landsins verða fluttar, sé samræmd í einu og öllu, á hinn hagkvæmasta hátt, að reyndra og sérfróðra manna ráði.

Ég vil geta þess, að ég hef átt tal um þetta við nokkra stærstu innflytjendur ritvéla hér, og er það samhljóða álit þeirra, að æskilegt sé, að þessi samræming komist á, og telja þeir sig meðmæltu því, að hafist verði handa í þessum efnun.

Mér virðist á engan hátt ósanngjarnt, að ríkisstjórnin hafi forgöngu í þessu máli og hafi heimild til ákvarðana í þessum efnun, eftir því sem hún kann að telja nauðsynlegt.

Virðingarfyllt,

Elís Ó. Guðmundsson.

Herra alþingismaður Jónas Árnason, Reykjavík.